



Mýrdalshreppur

Umsókn móttækin dags.: \_\_\_\_\_

## Umsókn um almenna leiguíbúð

sbr. ákv. 30. gr. reglugerðar nr. 183/2020

Nafn: \_\_\_\_\_ Kt. \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_ Kt. \_\_\_\_\_

Núv. Heimilisfang: \_\_\_\_\_ Póstnr. \_\_\_\_\_

Netfang umsækjanda: \_\_\_\_\_ Sími. \_\_\_\_\_

Íbúðarstærð og gerð sem óskað er eftir (t.d. fj. herbergja) \_\_\_\_\_

Fjöldi og aldur barna yngri en 20 ára \_\_\_\_\_

Núverandi húsnæðisaðstæður \_\_\_\_\_

Annað sem umsækjendur vilja taka fram \_\_\_\_\_

Upplýsingar sem umsækjendur þurfa að leggja fram:

- Launa/tekjuseðlar síðustu 3 mánaða.
- Afrit af síðasta skattframtal til staðfestingar tekjum og eignum.
- Staðfesting á núverandi búsetu og fjölskyldustærð.

Undirrituð/undirritaður staðfestir með undirskrift sinni að ofangreindar upplýsingar eru réttar:

Vík, \_\_\_\_\_

Ef hjón eða sambúðaraðilar sækja um, þurfa báðir aðilar að undirrita umsóknina.



## Mýrdalshreppur

### Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

#### *Tilgangur vinnslu og heimild til vinnslu*

Mýrdalshreppur, sem er ábyrgðarmaður vinnslunnar, safnar framangreindum upplýsingum í þeim tilgangi að taka á móti umsókn um almenna leiguíbúð í eigu Mýrdalshrepps og meta umsóknina með tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru í 19. gr. laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, sbr. 30. gr. reglugerðar nr. 183/2020. Heimild til vinnslu framangreindra upplýsinga byggir því á lagaskyldu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlög).

#### *Viðtakendur*

Mýrdalshreppur kann að deila framangreindum persónuupplýsingum til þjónustuaðila sinna, þ.e. þeirra sem sjá um hugbúnaðarkerfin sem sveitarfélagið notar. Þeir aðilar eru bundnir trúnaði. Í öðrum tilvikum getur einnig verið nauðsynlegt fyrir sveitarfélagið að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila svo sem þegar skylda stendur til þess samkvæmt lögum.

#### *Varðveislutími*

Mýrdalshreppur er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og er því óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild Þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem Mýrdalshreppur vinnur því afhentar Héraðsskjalasafni Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga að þrjátíu árum liðnum.

#### *Réttindi umsækjenda*

Umsækjendur eiga rétt á að vera upplýstir um vinnsluna, eiga rétt til aðgangs að gögnum, eiga rétt til að fá rangar upplýsingar leiðréttar, eiga rétt til takmörkunar á vinnslu og eiga rétt til eyðingar persónuupplýsinga. Hafa skal í huga að þessi réttindi eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

#### *Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd*

Þú átt rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þú dregur í efa að Mýrdalshreppur meðhöndli persónuupplýsingar þínar í samræmi við persónuverndarlög. Hægt er að senda inn erindi á [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

#### *Persónuverndarfulltrúi og persónuverndaryfirlýsing*

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Mýrdalshreppur meðhöndlar persónuupplýsingar þeirra geta þeir sent fyrirspurn á persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Sá aðili er Vigdís Sigríður Jóhannsdóttir og hægt er að hafa samband við hana með því að senda á



## Mýrdalshreppur

netfangið [vigdis@landlogmenn.is](mailto:vigdis@landlogmenn.is) eða með því að hringja í símanúmerið 546 4040. Nánari upplýsingar um meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndaryfirlýsingu sveitarfélagsins sem er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins [www.vik.is](http://www.vik.is).